

**23. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
11. nóvember 2015 og hófst hann kl. 08:00**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Ásthildur Ósk Ragnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Gunnar Gíslason sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólapróunar og sérfræðibjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1510084 - Dagur íslenskrar tungu**

Degi íslenskrar tungu, fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, verður fagnað í tuttugasta sinn 16. nóvember 2015. Mennta- og menningarmálaráðneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota daginn til að hafa íslenskuna sérstaklega í öndvegi.

*Lagt fram.*

**2. 1509004 - Starfsáætlun Akraneskaupstaðar 2016**

Unnið er að starfsáætlun skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2016.

*Farið var yfir drögin. Unnið verður áfram með þau fram að næsta fundi.*

**3. 1404016 - Skátaskálinn Skorradal - endurnýjun á samningi**

Stjórn skálanefnd skátaskálans í Skorradal óskaði eftir viðræðum við bæjarráð um endurnýjun á samningi Akraneskaupstaðar og Skátafélags Akraness um rekstur og uppbyggingu Skátafells í Skorradal frá maí 2002. Erindinu var vísað til skóla- og frístundaráðs en fulltrúar Akraneskaupstaðar hafa fundað með fulltrúum Skátafélagsins og leggja fram drög að samningi.

*Skóla- og frístundaráð fór yfir drög að samningi og samþykkir þau fyrir sitt leyti og vísar þeim til bæjarráðs.*

**4. 1412236 - Hvalfjarðarsveit - samstarfssamningar**

Í bréfi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar til Akraneskaupstaðar dagsettu 18. desember 2014 kemur m.a. fram að sveitarstjórn samþykkir að segja upp tilteknum samstarfssamningum við Akraneskaupstað og óska jafnframt eftir endurskoðun. Uppsögnin miðast við áramót og uppsagnarfrestur er 12 mánuðir. Bæjarráð Akraness bókaði eftirfarandi á fundi sínum 15. janúar: "Bæjarráð vísar erindinu til meðferðar í fagráðum Akraneskaupstaðar. Samningum er varðar ýmis málefni á svíði félags- og íþróttamála og um rekstur tónlistarskóla er vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs og samningi er varðar félagsstarf aldraðra til velferðar- og mannréttindaráðs. Bæjarráð telur eðlilegt að samstarfssamningar séu sífellt í endurskoðun og leggur áherslu á að bæði sveitarfélögin noti þetta tækifæri til að efla og þroa samstarfið áfram."

Skóla- og frístundaráð fór yfir áherslur Hvalfjarðarsveitar vegna samstarfssamnings um ýmis málefni á skóla- og frístundasviði. Ráðið vísar málínun til bæjarráðs til umfjöllunar. Skóla- og frístundaráð felur Gunnari og Svölu að halda viðræðum áfram við fulltrúa Hvalfjarðarsveitar í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9:23.

þ  
Sigurður Indriðasson  
Rauði Ósarsdóttir  
Sigrún Inga Guðnadóttir  
Astríður Óste Þognasson  
Kristinn H. Steinsson  
Gunnar Gislason  
Sigrún Þórhildottir